
ERINDISBRÉF FYRIR VEREFNISSTJÓRN HÁTÍÐARHALDA 17. JÚNÍ 2018

Hátíðardagskrá 17. júní fer fram í miðborg Reykjavíkur á Þjóðhátíðardaginn sjálfan 17. júní. Lögð verður áhersla á að skapa hátíðlega fjölskyldustemningu í samstarfi við hagsmunaaðila í miðborginni.

Verkefnastjórar viðburða á Skrifstofu menningarmála, hjá Menningar – og ferðamálasviði, halda utan um framkvæmd hátíðarinnar og vinna með stjórn. Stjórnina skipa 4 fulltrúar mismunandi hagsmunaaðila í Reykjavík auk verkefnastjóra viðburða á Skrifstofu menningarmála.

Stjórn hátíðarhalda 17. júní 2018:

Formaður stjórnar

Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða á Skrifstofu menningarmála

Aðrir stjórnarmenn

Sæunn Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri miðborgarmála

Hulda Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi á Skrifstofu borgarstjóra

Jón Andri Helgason, Skátasambandi Reykjavíkur

Ágústa Rós Árnadóttir, verkefnastjóri á Borgarsögusafni Reykjavíkur

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR

Verkefnisstjórar:

Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjóri viðburða á Skrifstofu menningarmála

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir, viðburðaafulltrúi á Skrifstofu menningarmála

Hlutverk stjórnar:

Að undirbúa hátíðarhöld 17. júní í Reykjavík með verkefnisstjórum Skrifstofu menningarmála sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á hátíðinni.

Helstu verkefni:

- Að móta dagskrá og áherslur hátíðarinnar með gæði, margbreytileika, jafnræði og gott aðgengi að leiðarljósi.
- Að hafa eftirlit með fjárhagsáætlun
- Að ná breiðu baklandi og þátttöku í hátíðinni með samvinnu hagsmunaaðila borgarinnar.
- Að taka saman skýrslu og mat á hátíðinni að henni lokinni sem kynnt verður fyrir menningar- og ferðamálaráði.

Starfstímabil:

Verkefnisstjórnin tekur til starfa 15. mars 2018 og lýkur störfum að hátíð lokinni 2018.